

TINNA - Tækifæri til betra lífs

TINNA er tilraunaverkefni Velferðarráðuneytis og Velferðarsviðs Reykjavíkur. Markmið TINNU er að styðja unga einstæða foreldra sem hafa nýtt sér fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts. Felst það m.a. í því að veita einstæðum foreldrum og börnum þeirra fjölþætta þverfaglega þjónustu ólíkra aðila, auk virkni, fræðslu, menntun eða þátttöku á vinnumarkaði í þeim tilgangi að auka lífsgæði foreldra og barna þeirra. Takmarkið er að börn fátækra foreldra verði ekki fátækir foreldrar síðar meir.

Verkefnið og umgjörð þess byggist á niðurstöðum rannsóknarinnar *Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna*, sem Rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands vann að beiðni velferðarsviðs borgarinnar. Þar var skoðað hvort atvinnustaða foreldra hafi áhrif á þátttöku barna í íþrótt- og tómstundaiðkun og hvaða hindranir verði á vegi foreldra sem fá fjárhagsaðstoð þegar þau vilja nýta sér þjónustu fyrir börnin sín. Þar kom í ljós að aðstæður reykvískra foreldra eru að ólíkar eftir því hvaðan þeir fá tekjur til að framfleyta sér. Börn þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð, nýta sér frekar tilfallandi afþreyingu og ókeypis tómstundir en börn fólks í launaðri vinnu. Á hinn bóginn eru börn fólks sem fær fjárhagsaðstoð síður í tónlistarskóla og stunda síður hreyfingu en börn fólks í launaðri vinnu. (*Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrunn Jónsdóttir. (2012). Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna og fjölskylduvernd, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.*)

Félagsráðgjafarnir Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir, sem báðar starfa hjá Velferðarsviði, skrifuðu skýrsluna *Jaðarstaða foreldra – velferð barna*, út frá rannsókninni um aðstæður reykvískra foreldra og niðurstöður þeirra voru m.a. að mismunandi virkni barna kunni að eiga rætur í vanda foreldranna, álagi eða úrræðaleyfi og því þurfi að mæta með aukinni samvinnu stofnana og starfsmanna, félagslegri ráðgjöf og markvissri fjölskylduvinnu. Þau úrræði sem fyrir eru henti aldrei öllum og leggja þurfi þyngri lóð á vogarskálarnar við mat og einstaklingsúrræði. Þessir einstaklingar geta átt við fjölþættari eða sértækari vanda að stríða og því ekki í stakk búnir til að nýta sér hefðbundin menntunarúrræði eða endurhæfingu. Í framhaldi settu þær fram tillögu að úrræðinu TINNU. (Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir. *Jaðarstaða foreldra - velferð barna*. Ritroð um rannsóknaverkefni á sviði félagsráðgjafar. Áttunda hefti 2015 . Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.)

Velferðarvaktin tók skýrsluna til umfjöllunar árið 2015 og lagði til að ráðherra félags- og húsnæðismála í samvinnu við sveitarfélögin leitaði leiða til að tilraunaverkefnið TINNA færi af stað, einstæðum foreldrum sem eru notendur fjárhagsaðstoðar og börnum þeirra til hagsbóta.

Í lok janúar 2016 undirrituðu Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismála ráðherra og Ellý Alda Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar

samning um TINNU en Velferðarráðuneytið veitir 20 milljónir króna til verkefnisins til tveggja ára. TINNA fór af stað í apríl 2016 fyrir notendur Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og hafa tuttugu einstæðar mæður nýtt sér úrræðið frá þeim tíma. Skimunar- og matslistar eru lagðir fyrir í byrjun til að meta aðstæður og mæla árangur.

TINNA er staðsett í Fjölskyldumiðstöðinni í Gerðubergi þar sem er mjög gott aðgengi að þjónustu og mikið ut anumhald frá félagsráðgjöfum sem sinna allri ráðgjöf og eftirfylgd. Býðst þáttakendum bæði hópavinna og námskeið en einnig klæðskerasniðin einstaklingsáætlun út frá þörfum hvers og eins. Samvinna og samstarf er við ólíkar stofnanir og heildarsýn höfð að leiðarljósi við stuðning og valdeflingu þáttakenda. Reynslan af úrræðinu hefur skilað því að nokkrar kvennanna eru nú komnar í vinnu, aðrar eru með endurhæfingaráætlun og endurhæfingarlífeyrir eða með umsókn um lífeyri. Endurhæfingaráætlanirnar snúa t.d. að skóla, þátttöku á námskeiðum, virkni og reglulegum viðtölum við félagsráðgjafa auk þessa að nýta þjónustu hjá Stígamótum, Reykjalundi, Kvennaathvarfi, Kvennasmiðju, Teig, Geðdeild LSH og öðrum deildum LSH, sækja stuðning hjá AA samtökunum og SÁÁ svo eitthvað sé nefnt. Áætlanir sem snúa að börnum miða m.a. að því að efla og styrkja verndandi þætti í lífi þeirra og hafa þau verið styrkt á námskeið, í íþróttir og tómstundir auk stuðningsúrræða Reykjavíkurborgar ef þörf hefur verið á.

Verkefnisstjóri TINNU er Þuríður Sigurðardóttir félagsráðgjafi og aðrir starfsmenn eru félagsráðgjafarnir Marta Joy Hermannsdóttir og Anna Elísa Gunnarsdóttir.